

Nd.

600. Frumvarp til laga

[119. mál]

um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

Samhljóða þskj. 128 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsfeðrum, hvar sem er á landinu.

Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

Nú greiðir barnsfaðir ekki meðlag á réttum tína samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarleyfisbréfs, og er þá Innheimtustofnuninni heimilt að taka 7% ársvexti af kröfunni frá gjalddaga til greiðsludags.

Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtutröfu, getur Innheimtustofnunin:

- 1) Krafist kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkn-ingar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna rikissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupi eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálf mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlags-skuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 2) Krafist lögtaks í eignum barnsföður. Um framkvæmd lögtaks skal fara samkvæmt lögum nr. 29 16. desember 1885. Lögtaksrétturinn fyrnist ekki.
- 3) Krafist þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.
- 4) Krafist úrskurðar héraðsdómara (í Reykjavík sakadómara) um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld. Í fyrsta sinni má eigi úrskurða barnsföður til vistar á slíku hæli lengur en 3 mánuði.
- 5) Krafist þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa af landi brott. Héraðsdómari (í Reykjavík saka-dómari) úrskurðar um kyrrsetningu. Kyrrsetningarúrskurði má skjóta til Hæstaréttar með sama hætti og kæru samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Skal útlendingaeftirliti, lögreglustjórum og fyrirtækjum, sem annast fólksflutninga til útlanda, tilkynnt um kyrrsetninguna.

Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.